

## ÁLYKTUN RÁÐSINS

2002/EES/53/13

frá 28. október 1999

## um gagnkvæma viðurkenningu (\*)

(2000/C 141/02)

## RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

1. HEFUR Í HUGA markmið stofnsáttmála Evrópu-bandalagsins, einkum frjálsa vöruflutninga, frjálsa fólks og frjálsa þjónustustarfsemi, staðfesturétt, neytendavernd og verndun almannaheilbrigðis og umhverfisins.
2. HEFUR Í HUGA niðurstöður sínar frá 30. mars 1998 um gagnkvæma viðurkenningu.
3. FAGNAR orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um gagnkvæma viðurkenningu með skírskotun til eftirfylgni við aðgerðaáætlun um einn óskiptan markað og fyrstu tveggja ára skýrslu framkvæmdastjórnarinnar „Um beitingu meginreglunnar um gagnkvæma viðurkenningu á vöru- og þjónustumarkaði“.
4. LEGGUR ÁHERSLU Á að meginreglan um gagnkvæma viðurkenningu hefur í mörgum tilvikum haft jákvæð áhrif á frjálsa vöruflutninga og frjálsa þjónustustarfsemi og hefur verið mjög nytsamleg við rekstur innri markaðarins, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki.
5. VIÐURKENNIR að beiting meginreglunnar um gagnkvæma viðurkenningu er fyrst og fremst á ábyrgð aðildarríkjanna og að verkefni framkvæmdastjórnarinnar er að hafa eftirlit með eðlilegri beitingu meginreglunnar.
6. TELUR að þörf sé á samfelldri samsetningu samhæfðrar löggjafar, stöðlunar gerninga fyrir samræmismat, svo sem faggildingu og gagnkvæmar viðurkenningar til að tryggja að innri markaðurinn starfi eðlilega.
7. LEGGUR ÁHERSLU Á nauðsyn réttar beitingar meginreglunnar um gagnkvæma viðurkenningu með skírskotun til stækkunar sambandsins.
8. LEGGUR ÁHERSLU Á mikilvægi gagnkvæmrar viðurkenningar einnig með skírskotun til nýrrar lotu alþjóðlegra viðskiptaviðræðna.
9. VEKUR ATHYGLI Á nauðsyn frekari aðgerða til þess að bæta beitingu meginreglunnar um gagnkvæma viðurkenningu. Einkum skal taka tillit til vanda á ákveðnum sviðum vöruheirans (t.d. matvæla, rafmagnsverkfræði, byggingarvara og vélknúinna ökutækja) þjónustugeirans (t.d. fjármálaþjónustu) og starfmenntunar og hæfis (t.d. viðurkenningar prófskírteina).
10. VEITIR ÞVÍ EFTIRTEKT að atvinnurekendur og almennir borgarar nýta sér ekki alltaf til fulls eða með réttum hætti gagnkvæma viðurkenningu af því þeir hafa ekki nægilega vitneskju um þessa meginreglu og afleiðingar hennar í reynd.
11. VEITIR ÞVÍ EFTIRTEKT að í sumum tilvikum láta atvinnurekendur og almennir borgarar það vera að nýta sér gagnkvæma viðurkenningu þar sem þeir telja að stjórnsýslumeðferð við það að öðlast gagnkvæma viðurkenningu sé of fyrirhafnarsöm eða erfið viðureignar.
12. VEITIR ÞVÍ ENN FREMUR EFTIRTEKT að stjórnsýslustofnanir í aðildarríkjunum eiga í sumum tilvikum erfitt með að beita gagnkvæmri viðurkenningu á skilvirkan hátt vegna ófullnægjandi upplýsinga um löggjöf og málsmeðferð við sannprófun í öðrum aðildarríkjum eða vegna þess að þau skortir þekkingu á hagnýtri beitingu meginreglunnar.
13. UNDIRSTRIKAR að viðtækari upplýsinga, einkum um efnahagslegu hliðina, gæti verið þörf svo að hægt sé að meta með áreiðanlegum hætti áhrif beitingar og frávika frá beitingu meginreglunnar um gagnkvæma viðurkenningu.
14. SKORAR Á aðildarríkin að halda áfram að móta viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. eftirfarandi, í því skyni að færa atvinnurekendum og almennum borgurum skilvirkan ramma til gagnkvæmrar viðurkenningar:
  - a) að endurskoða og einfalda viðkomandi landslög og tilhögun við beitingu þeirra, t.d. með því að setja viðeigandi ákvæði um gagnkvæma viðurkenningu inn í viðkomandi lagatillögur og bæta innlendar verklagsreglur um skilvirka beitingu þessara ákvæða.
  - b) að fjalla á skilvirkan hátt um umsóknir frá atvinnurekendum og almennum borgurum, svara slíkum umsóknum fljótt, tryggja að lagaleg kvörtunarþjónusta starfi á viðeigandi hátt og styrkja kerfi til að leysa vanda utan réttar, þ.m.t. samvinna á sviði stjórnsýslu;

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtd. EB C 141, 19.5.2000, bls. 5, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2002 frá 1. mars 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 21, 25.4.2002, bls. 7.

- c) að auka vitund almennra borgara og atvinnurekenda um réttindi sín að því er gagnkvæma viðurkenningu varðar og efla skoðanaskipti við almenna borgara og atvinnurekendur í því skyni að fá frá þeim upplýsingar um framkvæmd gagnkvæmrar viðurkenningar, eða skort á henni, með því að nota þau kerfi til lausnar á vanda sem fyrir eru;
- d) að styðja framkvæmdastjórnina í því að safna upplýsingum um þá geira þar sem gagnkvæm viðurkenning skapar vanda fyrir atvinnugreinina eða þjónustuveitendur þegar þeir flytja vörur eða þjónustu til annarra aðildarríkja;
- e) að tryggja að þeim skyldum um upplýsingaskipti, sem beint er til aðildarríkjanna og settar eru fram í tilskipun 98/34/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 98/48/EB og ákvörðun nr. 3052/95/EB, sé beitt að fullu og á skilvirkan hátt svo hægt sé að greina og koma í veg fyrir tæknilegar viðskiptahindranir í landslögum;
- f) að beina athyglinni sérstaklega að mikilvægi þess að þróa og rýmka frekar notkun á gagnkvæmri viðurkenningu allra reglna um samræmismat, svo sem prófunarskýrslna, eftirlitsskýrslna, vottorða og samræmismarkja.
15. FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjórnina að hún haldi áfram þeirri viðleitni að safna upplýsingum frá yfirvöldum aðildarríkjanna, fulltrúum fyrirtækja og neytenda og öðrum hagsmunahópum um árangur og ágalla á sviði gagnkvæmrar viðurkenningar og efnahagsleg áhrif þeirra og að birta slíkar upplýsingar í tveggja ára skýrslum og „stigatöflu innri markaðarins“ og til að gera, í samvinnu við atvinnurekendur og aðildarríkin, athuganir á jafngildi samræmis í geirum þar sem gagnkvæm viðurkenning er í gildi og skilgreina aðferðafræði sem myndi auðvelda innlendum yfirvöldum að meta jafngildi verndarstiga.
16. FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjórnina að hún grípi til viðeigandi ráðstafana og framtaksværfæna til að bæta beitingu meginreglunnar um gagnkvæma viðurkenningu, svo sem:
- a) að auka vitund almennra borgara og atvinnurekenda um réttindi sín að því er varðar meginregluna t.d. með virku upplýsingaátaki, leiðarvísingum og bæklingum og til þess að þróa þau upplýsingakerfi sem fyrir eru í því skyni að fá upplýsingar frá atvinnurekendum og almennum borgurum.
- b) að reiða sig, eins og kostur er, á samvinnu á sviði stjórnsýslu og framfylgja af festu þeim verkefnum sem miða að því að uppræta brot á beitingu meginreglunnar um gagnkvæma viðurkenningu og nota til þess vald sitt samkvæmt sáttmálanum, einkum innan ramma tilskipunar 98/34/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 98/48/EB, og ákvörðun nr. 3052/95/EB;
- c) að tryggja að stefnumál á sviði gagnkvæmrar viðurkenningar séu samhæfð öðrum stefnumálum bandalagsins og taka til greina alla tiltæka germinga, svo sem samhæfða löggjöf, gagnkvæma viðurkenningu, samræmismat og stöðlun;
- d) að fastsetja markvissar og hagnýtar viðmiðunarreglur um rétta beitingu gagnkvæmrar viðurkenningar í vöruheiranum, þjónustugeiranum og á sviði starfsmenntunar og hæfis;
- e) að nota „stigatöflu innri markaðarins“ til að kynna árangur og ágalla á sviði gagnkvæmrar viðurkenningar.
17. HVETUR atvinnurekendur og almenna borgara til að nýta sér meginregluna um gagnkvæma viðurkenningu til fulls með því:
- a) að nýta sér rétt sinn til ávinnings af gagnkvæmri viðurkenningu;
- b) að gera aðildarríkjunum og framkvæmda-stjórninni grein fyrir þeim vanda sem þau standa frammi fyrir og nýta sér, þegar þess gerist þörf, lagalega málsmeðferð samkvæmt innlendra löggjöf og löggjöf bandalagsins;
- c) nota upplýsingaefni frá aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.
18. EINSETUR SÉR AÐ ENDURSKOÐA framkvæmd þessarar ályktunar fyrir árslok 2001 á grundvelli tveggja ára skýrslunnar og útgáfuraðar „stigatöflu innri markaðarins“ sem framkvæmdastjórnin sendir frá sér og, ef nauðsyn krefur, taka ákvörðun um frekari aðgerðir.